

**246. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 18. september 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri og Vera Líndal Guðnadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2310110 - Bíóhöllin - Rekstrarsamningur 2023**

Menningar- og safnanefnd vinnur að endurskoðun rekstrarsamnings um Bíóhöllina og vísar málinu til umfjöllunar í skóla- og frístundaráð.

Vera Líndal Guðnadóttir verkefnastjóri menningar- og safnamála situr fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Veru Líndal fyrir yfirferðina. Ráðið tekur undir með menningar- og safnanefnd um að upplegg endurnýjunar samnings snúi fyrst og fremst aðgengi mennta- og menningarstofnana að húsinu og búnaði. Skóla- og frístundaráð gerir ráð fyrir að fá málið aftur til umfjöllunar eftir samtal við rekstraraðila og öflun frekari gagna um rekstur hússins.*

**2. 2405132 - Árshlutauppgjör 2024**

Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri fer yfir árshlutauppgjör og forsendur fjárhagsáætlunar 2025.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fjármálastjóra fyrir góða yfirferð á stöðu málaflokksins.*

Kristjana víkur af fundi.

**3. 2402212 - Málefni leikskólastigsins 2024**

Sviðsstjóri leggur fram lykiltölur um fjölda barna í leikskólum Akraneskaupstaðar. Lagt fram til kynningar.

**4. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar**

Umfjöllun skóla- og frístundaráðs um stefnumótun Akraneskaupstaðar.

*Skóla- og frístundaráð fjallaði um aðgerðaráætlun í tengslum heildarstefnu kaupstaðarins. Sviðsstjóra er falið að koma umræðum og tillögum ráðsins til stýrihóps um heildarstefnumótun Akraneskaupstaðar.*

**5. 2403177 - Vinnuskólinn 2024**

Skýrsla vinnuskóla Akraness fyrir árið 2024 lögð fram ásamt minnisblaði.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri frístunda- og forvarnamála situr fundinn undir þessum lið ásamt Jóni Arnari Sverrissyni garðyrkjustjóra.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Jóni Arnari og Heiðrúnu fyrir greinargóða umfjöllun um málefni Vinnuskólans, hvað hefur gengið vel og hvar tækifæri eru til úrbóta. Líkt og fram kemur í framlögðum gögnum þarf að rýna starfsemi Vinnuskólans enn betur til að ná fram markmiðum í samþykktri handbók Vinnuskólans. Skóla- og frístundaráð leggur til að fulltrúar skóla- og frístundasviðs og skipulags- og umhverfissviðs fari í slíka greiningarvinnu og skili tillögum til viðkomandi fagraða snemma á nýju ári.*

Heiðrún og Jón Arnar víkja af fundi.

**6. 2409203 - Eldra íþróttahús á Jaðarsbökkum - nýting**

Umfjöllun um nýtingu á eldra íþróttahúsi (bragganum) þegar nýtt íþróttahús á Jaðarsbökkum verður tekið í notkun.

Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA og Daníel S. Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Skóla- og frístundaráð fagnar framkomnum hugmyndum um nýtingum á eldra íþróttahúsi á Jaðarsbökkum þegar núverandi starfsemi flyst í nýtt hús. Vilji ráðsins stendur til að skoða af fullri alvöru að koma starfsemi Klífurfélagsins fyrir í hluta salarins og að gert verði ráð fyrir starfsemi félagsins í framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóra er falið að taka málið áfram með skipulags- og umhverfissviði. Skóla- og frístundaráð mun vinna framkomnar hugmyndir að frekari nýtingu á íþróttahúsinu í samstarfi við forstöðumann íþróttamannvirkja og Íþróttabandalag Akraness.*

**7. 2401006 - Fundargerðir 2024 - menningar- og safnanefnd**

Fundargerð 137. fundar menningar- og safnanefndar kynnt.

Lögð fram til kynningar. Skóla- og frístundaráð fagnar frumkvæði frá áhugasömum aðila um rekstur kaffisölu á safnasvæðinu.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**

*Jónína Margrét Sigmundsdóttir  
Þórhildur Guðjónsdóttir  
Þórhildur Guðjónsdóttir*